

**Nd.**

**246. Nefndarátt**

um frv. til laga um afnám laga nr. 21, 20. okt. 1905, um skýrslur um alidýra-sjúkdóma.

Frá landbúnaðarnefnd.

Þó að það sje skoðun nefndarinnar, að fróðlegt væri að hafa sannar skýrslur um helstu alidýra-sjúkdóma, hefir nefndin orðið sammála um, að skýrslurnar, sem safnað er til samkvæmt lögunum, muni vera lítils virði. Er því lagt til, að frv. þetta sje samþykkt.

En til þess að einhverjum áreiðanlegum skýrslum verði þó safnað, ætlast nefndin til, að landsstjórnin leggi fyrir dýralækna landsins að afla sjer upplýsinga um helstu alidýra-sjúkdóma í umdæmum sínum, og hlutist til um, að þeir sendi hagstofunni skýrslur árlega um heilbrigðisástand og sjúkdóma alidýranna.

Alþingi, 1. ágúst 1917.

Stefán Stefánsson,  
form. og framsögum.

Jón Jónsson,  
skrifari.

Einar Árnason.

Pjetur Þórðarson.

Sigurður Sigurðsson,  
með fyrirvara.